

Hafrannsóknastofnun
Fornubúðum 5
220 Hafnarfjörður

16. desember 2025
UOS2501421/A.E.H.

Efni: Reglubundið eftirlit þann 17. október 2025 – ID 281

Þann 17. október sl. fór fram reglubundið eftirlit í Hafrannsóknarstofnunina á Stað í Grindavík. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Ein ábending var sett fram í eftirlitinu er varðar:

1. Rekstraraðili var minntur á að taka sýni frá frárennsli á þriggja ára fresti. Síðasta sýnataka var árið 2023.

Fimm frávik komu fram er varða:

1. Gr. 3.10 í starfsleyfi. Áætlun vegna meðhöndlunar úrgangs var ekki til staðar. Áætlun barst eftirlitsaðila 11. desember 2025, frávikin er lokað.
2. Gr. 4.3 í starfsleyfi. Ársyfirlit vegna ársins 2023 var með ófullnægjandi upplýsingum. Fullnægjandi skil bárust 11. desember 2025, frávikin er lokað.
3. Gr. 4.3 í starfsleyfi. Ársyfirlit vegna ársins 2024 var með ófullnægjandi upplýsingum. Fullnægjandi skil bárust 11. desember 2025, frávikin er lokað.
4. Gr. 4.4 í starfsleyfi. Ársyfirlit vegna ársins 2023 var ekki skilað inn fyrir 1. maí 2024 og er það frávik. Því var skilað inn 10. maí 2024 og er frávikin lokað.
5. Gr. 4.4 í starfsleyfi. Ársyfirlit vegna ársins 2024 var ekki skilað inn fyrir 1. maí 2025 og er það frávik. Því var skilað inn 2. maí 2025 og er því frávikin lokað.

Virðingarfyllst,

Auður Eyberg Helgadóttir

Teymi eftirlits

Freyr Ævarsson

Teymi eftirlits